



—
BLESSUN
—

—
EFTIRSPIL
—

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Jörg Sondermann
Kór: Samkór Hornafjarðar
Einsöngur: Björg Catherine Blöndal
Gítar: Þorkell Ragnar Grétarsson

*Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og hlýhug
og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar
á Hafinu að athöfn lokinni.*

Svarðís Hella



*Sigríður Helga
Axelsdóttir*



*Fædd 8. júlí 1934
Dáin 18. júlí 2022*

*Útför miðvikudaginn 27. júlí 2022
frá Hafnarkirkju
Jarðsett í Hafnarkirkjugarði*

—
FORSPIL
Ave maría

—
SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja í friðarskaut.
Sb. 1886 - Valdimar Briem

—
RITNINGALESTUR

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnád.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson



—
RITNINGALESTUR

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson / L. Mason

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
gláður ég hleð.
Hver og ein hörmung
hefur mig, Guð til þín,
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

—
GUÐSPJALL

—
EINSÖNGUR:
Rósin

Fríðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

—
MINNINGARORÐ

—
EINSÖNGUR
Íslenska konan

Lag: Billy Joel - Texti: Ómar Ragnarsson.

—
BÆN

—
EINSÖNGUR
Draumalandið

Lag: Sigfús Einarsson / Texti: Guðmundur Magnússon

—
FADIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf manlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

—
MOLDUN

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Hans Tommissöns sb., 1569